

# Deloitte.

## Bókhald og uppgjör í erlendum gjaldmiðli.

Kynningarfundur 7. janúar 2009

Audit • Accounting • Tax • Consulting • Corporate Finance •



# Efnisyfirlit

---

- Inngangur
- Lög og reglur
- Mat á starfrækslugjaldmiðli
- Áhrif og ákvörðun
- Umsókn og næstu skref



# Inngangur

---

- Í þessari kynningu verður fjallað um þau atriði sem huga þarf að þegar kemur að upptöku á erlendum gjaldmiðli og leitast við að svara þeim spurningum sem kunna að vakna.
- Kynningin er fyrst og fremst hugsuð til upplýsinga og sem innlegg inn í umræðuna um hugsanlega upptöku á erlendum gjaldmiðli.
- Taka skal öllum dæmum með fyrirvara, þau er sett fram í dæmaskyni og endurspegla ekki raunverulegar aðstæður nema þá af tilviljun einni saman.
- Deloitte getur ekki borið ábyrgð á túlkun eða notkun á upplýsingum sem í kynningunni er að finna.
- Deloitte tekur enga ábyrgð á ákvörðunum þeim sem fyrirtæki taka á grundvelli þessari kynningu.

**Deloitte.**

Lög og reglur.



# Lög og reglur

---

- 8. grein laga um ársreikninga (ÁRSL):
    - Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög, sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða, geta sótt um slíka heimild:
      1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
      2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.
      3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.
      4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
- Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í. Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

# Lög og reglur

---

- Alþingi samþykkti 18. des sl. breytingu á ÁRSL:
  - Fyrirtækjum sem uppfylla að öðru leyti skilyrði laga verður gert kleift að gera ársreikninga í erlendum gjaldmiðli með lagasetningu sem gildir afturvirk frá 1. janúar 2008.
  - Heimildin felst í því að félögum er heimilt að sækja um afturvirk. Án lagabreytingar hefði ekki gengið að sækja um heimild til færslu bókhalds og uppgjors í erlendum gjaldmiðli fyrir reikningsárið 2008, þ.s. slík umsókn hefði þurft að berast eigi síðar en 30. okt 2007.
  - Frestur til umsóknar vegna færslu bókhalds og gerð uppgjors í erlendum gjaldmiðli fyrir reikningsárin 2008 og 2009 var til 30. desember 2008.
  - Búið er að sækja um fyrir þá aðila sem lýstu yfir áhuga á færslu bókhalds og gerð uppgjors í erlendum gjaldmiðlum. Sú umsókn er þó ekki bindandi.

# Lög og reglur

---

- Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingu á ÁRSL sem verður tekið til fyrstu umræðu þegar þingstörf hefjast. Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingu á 8. grein ÁRSL og mun hún hljóða svona:
  - Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins. Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Aðalefnahagsumhverfið er þar sem félagið aðallega myndar og notar handbært fé. Við mat starfrækslugjaldmiðils skal litið til þess gjaldmiðils sem tekjur og gjöld af rekstrarhreyfingum eru ákvörðuð og greidd í enda sé það sá gjaldmiðill sem mest áhrif hefur á kostnaðarverð og söluverð vara og þjónustu félagsins, m.a. fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglna. Þá skal einnig litið til þeirra gjaldmiðla sem mestu varða við fjármögnun félagsins og varðveislu fjármuna þess.
  - Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi. Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

# Lög og reglur

---

- Starfrækslugjaldmiðill er skilgreindur skv. reglugerð 101/2007 sem:
  - Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum félags eða samstæðu og meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í.
  - Við mat á því í hvaða gjaldmiðli meginhluti viðskipta fer fram, skal litið heildstætt til tekna, gjalda, eigna, skulda og annarra viðskiptalegra þátta í rekstri viðkomandi félags.
  - Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

# Lög og reglur

---

- Umbreyting í starfrækslugjaldmiðil skv. 10. grein ÁRSL:
  - Félög, sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 8. gr., skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gildi þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.

# Lög og reglur

---

- Umbreyting í starfrækslugjaldmiðil skv. IAS 21:
  - "The effect of a change in functional currency is accounted for prospectively. In other words, an entity translates all items into the new functional currency using the exchange rate at the date of the change. The resulting translated amounts for non-monetary items are treated as their historical cost. Exchange differences arising from the translation of a foreign operation previously recognised in other comprehensive income in accordance with paragraphs 32 and 39(c) are not reclassified from equity to profit or loss until the disposal of the operation." [IAS 21.37]

**Tvær leiðir færar skv. ÁRSL. en aðeins ein leið skv. IFRS!**

**Deloitte.**

Mat á  
starfrækslugjaldmiðli.



# Mat á starfrækslugjaldmiðli

---

- Mat á starfrækslugjaldmiðli skv. IAS 21:
  - Það efnahagssumhverfi sem félag starfar í og hefur mest sjóðflæði í, þ.e. greiðslur og móttaka handbærs fjár, segir til um þann starfrækslugjaldmiðil sem nota á við þýðingu viðskipta í erlendum gjaldmiðlum. Starfrækslugjaldmiðill miðast við:
    - þann gjaldmiðil sem mest áhrif hefur á söluverð vöru og þjónustu (þetta á oft við um þann gjaldmiðil sem greiðslur fara fram í / verð tilgreind í)
    - gjaldmiðil þess lands sem samkeppnisöfl, lög og reglugerðir hafa mest áhrif á söluverð vöru og þjónustu
    - þann gjaldmiðil sem mest áhrif hefur á rekstrarkostnað félags.
  - Eftirfarandi liðir gefa einnig vísbendingar um starfrækslugjaldmiðil félags:
    - sá gjaldmiðill sem fjármögnun félagsins fer mest fram í
    - ef félag selur í USD en umbreytir ekki greiðslunni í annan gjaldmiðil þá er vísbending um USD starfrækslugjaldmiðil til staðar.

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

---

- Við mat á starfrækslugjaldmiðli getur verið skynsamlegt að framkvæma frumgreiningu til þess að sjá hvort forsenda sé fyrir félagið að gera upp í erlendum gjaldmiðli. (Sjá mynd á næstu glæru).
- Ef frumgreining leiðir í ljós að ISK er afgerandi eða þá að enginn erlendur gjaldmiðill er afgerandi, þá ætti fyrirtæki að halda áfram með ISK.
- Leiði frumgreiningin hins vegar í ljós afgerandi erlendan gjaldmiðil þá skal framkvæma ítarlegri gagnaöflun og greiningu. Ef hinn erlendi gjaldmiðill er annar er EUR þá ætti að hafa í huga áhrif mögulegrar upptöku EUR á Íslandi (ISK+EUR).

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- Niðurbrot á rekstrarliðum milli gjaldmiðla.

Rekstrarreikningur 1.1. til 30.6. 2008	EUR	GBP	DKK	JPY	USD	CAD	NOK	CHF	SEK	ISK	Alls
<b>Innleystar tekjur</b>											
Rekstrartekjur (ISK)	1.000	200	50	100	500	10	200	50	50	150	2.310
Rekstrartekjur (%)	43,3%	8,7%	2,2%	4,3%	21,6%	0,4%	8,7%	2,2%	2,2%	6,5%	100,00%
<b>Óinnleystar tekjur</b>											
Birgðir 30.6 2008 (ISK)	150	40	20	60	30	4	50	10	10	100	474
Birgðir 30.6 2008 (%)	31,6%	8,4%	4,2%	12,7%	6,3%	0,8%	10,5%	2,1%	2,1%	21,1%	100,00%
<b>Samtals tekjuflæði</b>	<b>41,3%</b>	<b>8,6%</b>	<b>2,5%</b>	<b>5,7%</b>	<b>19,0%</b>	<b>0,5%</b>	<b>9,0%</b>	<b>2,2%</b>	<b>2,2%</b>	<b>9,0%</b>	<b>100,00%</b>
<b>Sundurliðun m.v. 30. 6 2008</b>											
Viðskiptakröfur (ISK)	150	40	20	60	30	4	50	10	10	100	474
Viðskiptakröfur (%)	31,6%	8,4%	4,2%	12,7%	6,3%	0,8%	10,5%	2,1%	2,1%	21,1%	100,00%
Langtímaskuldir	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Langtímaskuldir (%)	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	100,00%

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- Niðurbrot á rekstrarliðum milli gjaldmiðla.

Rekstrarkostnaður	EUR	GBP	DKK	JPY	USD	CAD	NOK	CHF	SEK	ISK	Alls
Hráefni	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Sjómanna-laun og tengd gjöld	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Önnur laun og tengd gjöld	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Olía	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Annar rekstrarkostnaður	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Samtals rekstrarkostnaður (ISK)	50	50	50	50	50	50	50	50	50	50	500
Samtals rekstrarkostnaður (%)	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	100,00%

Fjármagnskostnaður	EUR	GBP	DKK	JPY	USD	CAD	NOK	CHF	SEK	ISK	Alls
Vaxtatekjur (ISK)	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	50
Vaxtatekjur (%)	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	100,00%
Vaxtakostnaður (ISK)	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	100
Vaxtakostnaður (%)	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	100,00%

# Hvernig á að skilgreina tiltekna liði

---

- Á að meta aflaheimildir í ISK?
  - Verðlögð í ISK
  - Greitt fyrir í ISK
  - Notuð til að búa til tekjur að mestu í erlendum gjaldmiðli
- Á að meta skip í ISK?
  - Verð í EUR, USD, NOK
  - Greitt fyrir í erlendum gjaldmiðli
  - Notuð til að búa til tekjur að mestu í erlendum gjaldmiðli
- Á að meta frystihús, bræðslur, vinnslur o.fl. í ISK?
  - Verð í ISK og greitt fyrir í ISK
  - Notuð til að búa til tekjur að mestu í erlendum gjaldmiðli

# Hvernig á að skilgreina tiltekna liði

---

- Á að meta kostnað vegna olíu í ISK?
  - Heimsmarkaðsverð í USD
  - Hvernig er samningur við olíufélag?
  - Er greitt fyrir í ISK eða USD?
- Eru aðrar innfluttar vörur (varahlutir, umbúðir o.fl.) metnar í ISK?
  - Flytur fyrirtækið beint inn, eða keypt í gegnum íslenskan heildsala?
  - Hvernig eru samningar um slík kaup?
  - Í hvaða gjaldmiðli fer greiðslan fram?

# Hvernig á að skilgreina tiltekna liði

---

- Hvernig er með launakostnað?
  - Sjómannalaun vs. önnur laun.
  - Sjómannalaun reiknuð út m.v. söluverðmæti í erlendum gjaldmiðli, en greitt í ISK.
  - Annar launakostnaður að mestu vegna vinnslu afurða sem síðar eru seldar í erlendum gjaldmiðli. En þau eru greidd og ákvörðuð í ISK.
- Hvernig er með fjármögnun?
  - Er strategískt verið að jafna fjármögnun á móti tekjuflæði?
  - Er bara verið að leita að lágum vöxtum?
  - Er hægt að horfa á einhverja gjaldmiðla saman?
    - EUR/DKK/SEK
    - CHF/EUR
    - Annað?

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- Við mat á starfrækslugjaldmiðli skal horfa heildstætt til hlutfallslegs vægis gjaldmiðla meðal tekna, gjalda, eigna og skulda.
- Slík samantekt gæti litið út eins og taflan hér að neðan (fjármagnsliðir eru ekki teknir með í tekjum og gjöldum):

	Tekjur	%	Gjöld	%	Eignir	%	Skuldir	%
USD	380.000.000	13%	-120.000.000	6%	0	0%	0	0%
GBP	290.000.000	10%	-110.000.000	5%	0	0%	0	0%
CAD	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
DKK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
NOK	200.000.000	7%	0	0%	0	0%	0	0%
SEK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
CHF	0	0%	0	0%	0	0%	50.000.000	7%
JPY	145.000.000	5%	0	0%	0	0%	50.000.000	7%
EUR	<b>1.595.000.000</b>	<b>55%</b>	<b>-1.350.000.000</b>	<b>67%</b>	0	0%	<b>500.000.000</b>	<b>71%</b>
ISK	290.000.000	10%	-440.000.000	22%	<b>1.000.000.000</b>	<b>100%</b>	100.000.000	14%
	2.900.000.000	100%	-2.020.000.000	100%	1.000.000.000	100%	700.000.000	100%

**EUR afgerandi => EUR starfrækslugjaldmiðill**

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- Hér að neðan má sjá dæmi þar sem USD er afgerandi í tekjum félags. Hins vegar eru ISK afgerandi í gjöldum, eignum og skuldir.
- Þó svo að USD sé afgerandi í tekjum félagsins er USD ekki þar með sagt starfrækslugjaldmiðill félagsins. Skoða þarf heildarmyndina.

	Tekjur	%	Gjöld	%	Eignir	%	Skuldir	%
USD	2.500.000.000	86%	-120.000.000	6%	0	0%	0	0%
GBP	0	0%	-110.000.000	5%	0	0%	0	0%
CAD	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
DKK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
NOK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
SEK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
CHF	0	0%	0	0%	0	0%	50.000.000	7%
JPY	0	0%	0	0%	0	0%	50.000.000	7%
EUR	0	0%	-350.000.000	17%	0	0%	100.000.000	14%
ISK	400.000.000	14%	-1.440.000.000	71%	1.000.000.000	100%	500.000.000	71%
	2.900.000.000	100%	-2.020.000.000	100%	1.000.000.000	100%	700.000.000	100%

**Ekki nóg að einblína á tekjur !!**

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- Svona gæti dæmið litið út, USD yfir 50% í tekjum og sterkastur í gjöldum/skuldum.

	Tekjur	%	Gjöld	%	Eignir	%	Skuldir	%
<b>USD</b>	<b>1.740.000.000</b>	<b>60%</b>	<b>-820.000.000</b>	<b>41%</b>	100.000.000	3%	<b>1.200.000.000</b>	<b>40%</b>
<b>GBP</b>	145.000.000	5%	-33.750.000	2%	150.000.000	5%	300.000.000	10%
<b>CAD</b>	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
<b>DKK</b>	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
<b>NOK</b>	580.000.000	20%	-465.000.000	23%	0	0%	300.000.000	10%
<b>SEK</b>	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
<b>CHF</b>	0	0%	0	0%	0	0%	450.000.000	15%
<b>JPY</b>	145.000.000	5%	-112.500.000	6%	50.000.000	2%	600.000.000	20%
<b>EUR</b>	145.000.000	5%	-262.750.000	13%	200.000.000	7%	0	0%
<b>ISK</b>	145.000.000	5%	-326.000.000	16%	<b>2.500.000.000</b>	<b>83%</b>	150.000.000	5%
	2.900.000.000	100%	-2.020.000.000	100%	3.000.000.000	100%	3.000.000.000	100%

Er nauðsynlegt að vera yfir 50% í a.m.k. 3 liðum?

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- Ef EUR verður tekin upp á Íslandi þá hefur það þau áhrif að ISK fjárhæðir í skiptingunni leggjast við EUR línuna. Hér að neðan er búið að leggja saman ISK og EUR fjárhæðir í dæminu hér á undan:

	Tekjur	%	Gjöld	%	Eignir	%	Skuldir	%
USD	1.740.000.000	60%	-820.000.000	41%	100.000.000	3%	1.200.000.000	40%
GBP	145.000.000	5%	-33.750.000	2%	150.000.000	5%	300.000.000	10%
CAD	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
DKK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
NOK	580.000.000	20%	-465.000.000	23%	0	0%	300.000.000	10%
SEK	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
CHF	0	0%	0	0%	0	0%	450.000.000	15%
JPY	145.000.000	5%	-112.500.000	6%	50.000.000	2%	600.000.000	20%
EUR	290.000.000	10%	-588.750.000	29%	2.700.000.000	90%	150.000.000	5%
	2.900.000.000	100%	-2.020.000.000	100%	3.000.000.000	100%	3.000.000.000	100%

Í raun á gjaldmiðill heimalandsins ekki að skipta máli þegar kemur að mati á starfrækslugjaldmiðli.

# Mat á starfrækslugjaldmiðli

- “When the above indicators are mixed and the functional currency is not obvious, management uses its judgement to determine the functional currency that most faithfully represents the economic effects of the underlying transactions, events and conditions.” [IAS 21.12]

	Tekjur	%	Gjöld	%	Eignir	%	Skuldir	%
<b>USD</b>	580.000.000	20%	-366.000.000	18%	100.000.000	3%	600.000.000	20%
<b>GBP</b>	783.000.000	27%	-343.500.000	17%	150.000.000	5%	300.000.000	10%
<b>CAD</b>	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
<b>DKK</b>	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
<b>NOK</b>	29.000.000	1%	<b>-441.000.000</b>	<b>22%</b>	0	0%	0	0%
<b>SEK</b>	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
<b>CHF</b>	0	0%	0	0%	0	0%	600.000.000	20%
<b>JPY</b>	348.000.000	12%	-112.500.000	6%	50.000.000	2%	<b>750.000.000</b>	<b>25%</b>
<b>EUR</b>	<b>1.015.000.000</b>	<b>35%</b>	-390.500.000	19%	200.000.000	7%	600.000.000	20%
<b>ISK</b>	145.000.000	5%	-366.500.000	18%	<b>2.500.000.000</b>	<b>83%</b>	150.000.000	5%
	2.900.000.000	100%	-2.020.000.000	100%	3.000.000.000	100%	3.000.000.000	100%

# Deloitte.

Áhrif og ákvörðun.



# Áhrif og ákvörðun

---

- Eins og dæmin hér á undan sýna er ekki alltaf augljóst að sjá hver starfrækslugjaldmiðill félags er.
- Einfaldir samanburðir á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum eru þó ekki nóg og mikilvægt er að vinna vel grunn að umsókn og rökstuðningi, en horfa þarf heildstætt til tekna, gjalda, eigna og skulda félagsins og það umhverfi þar sem það skapar og notar handbært fé.
- Til þess að glöggva sig frekar á áhrifum þess að taka upp erlendan gjaldmiðil þá er hægt að gera gróft uppgjör fyrir árið 2008 í líklegasta starfrækslugjaldmiðlinum, t.d. EUR. Um nálgun er að ræða þar sem byggt er á ákveðnum forsendum til þess að gefa stjórnendum grófa mynd af því hvernig uppgjörið hefði litið út ef EUR hefði verið tekinn upp 1. janúar 2008.

# Áhrif og ákvörðun

- Dæmi hvernig það getur breytt rekstrarafkomu 2008 að gera upp í EUR en ekki ISK:


Rekstrarreikningur 2008	ISK	EUR (þýtt)	EUR (starfsr.)
Rekstrartekjur	2.900.000.000	25.217.391 0	25.400.000
Kostnaðarverð seldra afurða	-1.500.000.000	-13.043.478	-13.300.000
Laun og tengd gjöld	-650.000.000	-5.652.174	-5.700.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-40.000.000	-347.826	-3.000.000
Afskriftir	-150.000.000	-1.304.348	-1.800.000
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>560.000.000</b>	<b>4.869.565</b>	<b>1.600.000</b>
Fjármunatekjur	20.000.000	173.913	140.000
Fjármagnsgjöld	-140.000.000	-1.217.391	-1.300.000
Gengisbreytingar	-1.700.000.000	-14.782.609	-143.000
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>-1.260.000.000</b>	<b>-10.956.522</b>	<b>297.000</b>
Tekjuskattur	81.000.000	704.348	-220.500
<b>Hagnaður / (tap)</b>	<b>-1.179.000.000</b>	<b>-10.252.174</b>	<b>76.500</b>

# Áhrif og ákvörðun


---

Tveir tímamarkar við upptöku koma til greina:

- Sækja um heimild frá 1. janúar 2009



- Sækja um heimild frá 1. janúar 2008



# Áhrif og ákvörðun

---

- Í 10. gr. ÁRSL kemur fram:
  - Félög, sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 8. gr., skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gildi þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.

# Áhrif og ákvörðun

---

- Möguleikar við upptöku erlendrar myntar:
  - A. 1. janúar 2008 m.v. lokagengi
  - B. 1. janúar 2008 m.v. upphaflegt gengi (varanlegir, ofl.)
  - C. 1. janúar 2009 m.v. lokagengi
  - D. 1. janúar 2009 m.v. upphaflegt gengi (varanlegir, ofl.)

**Leiðir B og D eru ekki mögulegar skv. IFRS!**

# Tímasetning upptöku

---

- Möguleikar við upptöku erlendrar myntar:

- A. 1. janúar 2008 m.v. lokagengi

- Sterkt eigið fé, möguleikar til arðgreiðslu 2009 á grundvelli ársreiknings 2008
    - Skattskyldur hagnaður árið 2008 í stað skattalegs taps
    - Eignir hátt skráðar => virðisrýrnun á kvóta og varanlega rekstrarfjármuni?

- B. 1. janúar 2008 m.v. upphaflegt gengi (varanlegir, o.fl.)

- Sambærilegt við A hér að ofan, breytingin felst í mismunandi gengi ársbyrjun 2008 vs. kaupdagur fastafjármuna

- C. 1. janúar 2009 m.v. lokagengi

- Veikt eigið fé, veikt óráðstafað eigið fé => takmarkaðir arðgreiðslumöguleikar
    - Yfirfæranlegt skattalegt tap

- D. 1. janúar 2009 m.v. upphaflegt gengi (varanlegir, o.fl.)

- Veikt eigið fé í ársreikningi 2008. Eigið fé styrkist við yfirfærslu þ.s. varanlegir rekstrarfjármunir koma inn á upphaflegu kaupgengi (60-100) v.s. 120.
    - Arðgreiðslumöguleikar út á ársreikning 2009
    - Miklar líkur á virðisrýrnun kvóta og varanlegra rekstrarfjármuna
    - Yfirfæranlegt skattalegt tap

# Skattframtalsvæmd

---

- Í 91. gr. TSKL er fjallað um framtalsgerð þeirra félaga sem hafa tekið upp erlendan gjaldmiðil í uppgjöri og bókhaldi:
    - Skýrslu lögaðila sem heimild hafa til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A laga um ársreikninga, skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð, sbr. 1. mgr. 90. gr., um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skulu fjárhæðir vera í íslenskum krónum.  
Fjárhæðir í greinargerð skv. 1. mgr. skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á eftirfarandi hátt:
      - a. Tekjur og gjöld á árinu, þar með taldar fyrningar, skulu umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi reikningsársins.
      - b. Eignir, skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi í lok viðkomandi reikningsárs.
      - c. Gengismunur sem kann að myndast við umreikning ársreiknings úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur skv. a- og b-liðum skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.
- =>Gengismunur sem myndast við umreikning úr erlendum gjaldmiðli í ISK við gerð skattframtals hefur ekki áhrif á skattstofn**

# Skattfrákvæmd

---

- Í 91. gr. TSKL er fjallað um framtalsgerð þeirra félaga sem hafa tekið upp erlendan gjaldmiðil í uppgjöri og bókhaldi:
    - Við umreikning í starfrækslugjaldmiðil skal umreikna fyrningargrunn eigna og fengnar fyrningar, stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun á lokagengi þess reikningsárs og skal skattalegt stofnverð ákvarðast í samræmi við þann umreikning. Við sölu á eignarhlutum í félögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við ákvæði 2. másl. 4. mgr. 18. gr. eða 3. mgr. 19. gr. eftir því sem við á í íslenskum krónum en söluverðið skal umreikna í íslenskar krónur á daggengi við sölu. Við sölu eignarhluta í félögum sem seljandi hefur eignast eftir 1996 skal stofnverð þeirra ákvarðað í íslenskum krónum miðað við daggengi við kaup en söluverð skal umreiknað miðað við daggengi við sölu. Fasteignir skal telja til eignar skv. 1. tölul. 73. gr. og eignarhlutir í félögum skulu færðir til eignar skv. 5. tölul. 73. gr
- =>Skattalegt stofnverð umreiknað úr ISK í erlendan gjaldmiðil á lokagengi þess árs sem yfirfærsla á sér stað á.**

# Skattfrákvæmd

---

- Í 91. gr. TSKL er fjallað um framtalsgerð þeirra félaga sem hafa tekið upp erlendan gjaldmiðil í uppgjöri og bókhaldi:
    - Þegar frestaður hluti söluhagnaðar er skattlagður skal fjárhæð hans færð til tekna óbreytt í krónum talið frá því ári sem hann myndaðist. Rekstrartap frá fyrri árum skv. 8. tölul. 31. gr. skal fært til frádráttar rekstrarhagnaði ársins óbreytt í krónum talið frá því sem fram kemur í greinargerðum skv. 1. mgr. á þeim rekstrarárum er tapið myndaðist. Um skattskil lögaðila, sem byggð eru á bókhaldi og ársreikningi í erlendum gjaldmiðli, gilda að öðru leyti sömu reglur og gilda um skattskil lögaðila í íslenskum krónum.

Heimilt er lögaðila, sem færir bókhald sitt í íslenskum krónum auk bókhalds í starfrækslugjaldmiðli, að byggja greinargerð sína skv. 1. mgr. á bókhaldi í íslenskum krónum, en þá skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár.
- =>Frestunarheimildir og yfirfæranlegt tap í ISK halda sinni ISK fjárhæð eins og hún kemur fram á síðasta framtali fyrir upptöku á erlendum gjaldmiðli.**

# Samantekt á skattframkvæmd

---

- Öll skattskil miðast eftir sem áður við ISK
  - Skattframtal gert í ISK.
  - Afkoma þýdd yfir á meðalgengi, gengismunur hefur ekki áhrif á skatta.
  - Skattaleg fyrningaskýrsla í ISK, viðbætur koma inn á lokagengi þess árs sem þær falla til.
  - Yfirfæranlegt tap heldur sér í ISK fjárhæð.
  - Frestunarheimildir halda sér í ISK fjárhæð.
  - VSK skilað m.v. ISK fjárhæð á reikningum.
  - Launaskattar m.v. laun í ISK.

# Skattframtækni

- Það hefur mikil skattaleg áhrif hvaða tímamunktur er valinn við upptöku
- Í leið A og B þá er upptakan frá 1. jan 2008 og því er rekstrarafkoma þess árs umreiknuð í ISK m.v. meðalgengi ársins skv. skattalögum.

<b>Skattaleg afkoma 2008:</b>			
	<u>Leið A og B</u>		<u>Leið C og D</u>
	EUR	ISK	ISK
Hagnaður (tap) ársins	1.949.500	233.940.000	-1.176.000.000
Tekjuf. frestun		25.000.000	25.000.000
Yfirfæranlegt tap		-100.000.000	-100.000.000
Skattstofn		158.940.000	-1.251.000.000
Tekjuskattur til greiðslu		<b>23.841.000</b>	<b>0</b>
Meðalgengi ársins	120		(15%*1.251 m.ISK = c.a. 188 m.ISK)

# Staða eigin fjár 1. janúar 2009

- Ef EUR tekin upp 1. jan 2008 þá skilar það jákvæðri afkomu árið 2008 og þ.a.l. sterku eigin fé.

	Leið A		Leið B	
	ISK	EUR	ISK	EUR
Eigið fé 1/1 2008	700.000.000	7.777.778	700.000.000	7.777.778
Aðlögun v. heimild 10. gr. ÁRSL		N/A		1.241.830
Aðlagað eigið fé 1/1 2008		<u>7.777.778</u>		<u>9.019.608</u>
Afkoma ársins		<u>1.949.500</u>		<u>1.911.500</u>
Eigið fé 31/12 2008		<u>9.727.278</u>		<u>10.931.108</u>
Aðlögun v. heimild 10. gr. ÁRSL		<u>9.727.278</u>		<u>10.931.108</u>

# Staða eigin fjár 1. janúar 2009

- Ef EUR tekin upp 1. jan 2009 þá skiptir miklu máli hvort undanþágan í 10. gr. ÁRSL er nýtt. Þessarri niðurstöðu þarf þó að taka með fyrirvara um mat á virðisrýrun.

	Leið C		Leið D	
	ISK	EUR	ISK	EUR
Eigið fé 1/1 2008	700.000.000	N/A	700.000.000	N/A
Aðlögun v. heimild 10. gr. ÁRSL				
Aðlagað eigið fé 1/1 2008				
Afkoma ársins	<u>-1.176.000.000</u>		<u>-1.176.000.000</u>	
Eigið fé 31/12 2008	-476.000.000	-2.800.000	-476.000.000	-2.800.000
Aðlögun v. heimild 10. gr. ÁRSL				11.223.800
		<u>-2.800.000</u>		<u>8.423.800</u>

# Staða eigin fjár 1. janúar 2009

- Við mat á virðisrýrnun þarf að brjóta aflaheimildir niður á einstakar tegundir.
  - Í dæminu hér að neðan er dæmi um mat á virðisrýrnun þegar farið er eftir leið D (þ.e. tekið upp m.v. 1. jan 2009 og varanlegir rekstrarfjármunir færðir m.v. kaupg.)
  - Markaðsverð lægra heldur en bókfært => virðisrýrnun.
  - Markaðsverð vs. "Value in Use".

Virðisrýrnunarpróf	Bókfært verð		Markaðsverð	Mismunur
	Óbreytt	Skv. leið D		
<b>Dæmi 1:</b>				
Aflaheimildir	1.500.000.000	2.931.034.483	3.300.000.000	368.965.517
Aðrir varanlegir	500.000.000	977.011.494	1.000.000.000	22.988.506
<b>Dæmi 2:</b>				
Aflaheimildir	1.500.000.000	2.931.034.483	2.750.000.000	-181.034.483
Aðrir varanlegir	500.000.000	977.011.494	650.000.000	-327.011.494
				-508.045.977 ISK
				-2.988.506 EUR

# Staða eigin fjár 1. janúar 2009

- Tökum aftur leið C og D (upptaka m.v. 1. jan 2009), nú með virðisrýrnun inni.

	Leið C		Leið D	
	ISK	EUR	ISK	EUR
Eigið fé 1/1 2008	700.000.000	N/A	700.000.000	N/A
Aðlögun v. heimild 10. gr. ÁRSL				
Aðlagað eigið fé 1/1 2008				
Afkoma ársins	-1.176.000.000		-1.176.000.000	
Eigið fé 31/12 2008	-476.000.000	-2.800.000	-476.000.000	-2.800.000
Aðlögun v. heimild 10. gr. ÁRSL				11.223.800
		-2.800.000		8.423.800
Virðisrýrnun		0		-2.988.506
Endanlegt eigið fé		<b>-2.800.000</b>		<b>5.435.294</b>

# Staða eigin fjár 1. janúar 2009

- Leiðir A og B skila sterkustu eigin fé, en leið C virðist ekki vera æskileg.

Eigið fé 1. jan 2009 (aðlagað)	
Leið A	9.727.278
Leið B	10.931.108
Leið C	-2.800.000
Leið D	5.435.294

Skattaleg afkoma 2008:	<u>Leið A og B (1.1 08)</u>		<u>Leið C og D (1.1 09)</u>
	EUR	ISK	ISK
Hagnaður (tap) ársins	1.949.500	233.940.000	-1.176.000.000
Tekjuf. frestun		25.000.000	25.000.000
Yfirfæranlegt tap		-100.000.000	-100.000.000
Skattstofn		158.940.000	-1.251.000.000
Tekjuskattur til greiðslu		<b>23.841.000</b>	<b>0</b>
			(15%*1.251 m.ISK = c.a. 188 m.ISK)
Meðalgengi ársins	120		

# Kostnaður

---

- Yfirfærslu mun alltaf fylgja ákveðinn kostnaður (dæmi, ekki tæmandi talning)
  - Bókhaldsvinna
    - Vinna við greiningu, umsókn og rökstuðning
    - Yfirfærsla talna úr ISK í erlendan gjaldmiðil í vinnuskjölum
    - Yfirhalning á ársreikning og ársreikningsgerð
    - Útreikningur á samanburðartölum ofl.
  - Bókhaldskerfi
    - Nýtt kerfi/nýtt fyrirtæki í kerfinu
    - Uppfærslur á kerfi og aðlögun skýrslugerðar
    - Afstemming vegna yfirfærslna þar á milli
    - Ath VSK, launatengd gjöld o.fl.
  - Annað
    - Breyting á ferli í bókhaldsdeild

# Samantekt kostir og gallar

---

- Mögulegir kostir við yfirfærslu úr ISK yfir í erlendan gjaldmiðil:
  - Betri reikningsskil því afkoma, efnahagur og breyting á fjárhagslegri stöðu frá einum tímapunkti til annars er mæld á grundvelli uppgjörsgjaldmiðils sem aðalstarfsemi fyrirtækis er háð. Tilgangurinn er því að nota þann gjaldmiðil við samningu reikningsskila sem gefur gleggsta mynd af rekstrinum á ákveðnu tímabili.
  - Jákvæð breyting eigin fjár m.v. 31. des 2008.
  - Auknir arðgreiðslumöguleikar fylgja sterkara eigin fé.
  - Getur leitt til þess að tap 2008 m.v. ISK uppgjör breytist í hagnað.
  - Getur aukið möguleika fyrirtækis á því að fá lán erlendis frá, enda sýnt fram á jákvætt/sterkara eigið fé.
  - Fyrirtæki hefur möguleika á að draga úr gengissveiflum í reikningsskilum sínum.
  - Möguleikar á skattalegu hagræði.

# Samantekt kostir og gallar

---

- Mögulegir gallar við yfirfærslu úr ISK yfir í erlendan gjaldmiðil:
  - Vinna við yfirfærslu mun kalla á ýmsan aukakostnað.
  - Yfirfærsla í erlendan gjaldmiðil tekur einhvern tíma og mun væntanlega hafa þau áhrif að ársuppgjör 2008 klárast seinna en vanalega.
  - Hugsanlegt skattalegt óhagræði.
  - Getur leitt til þess að mat á ákveðnum fastafjármunum í lok árs 2008 sé vandasamt og leiði til niðurfærslu á bókfærðu virði.
    - Ef miðað er við hefðbundið atvinnuhúsnæði sem er:
    - Fasteign keypt 1. feb 2008 á 100.000 USD = 6,5 m.ISK.
    - Bókfært virði 31. des 2008 = 100.000 USD = 14,5 m.ISK (m.v. gengi 4. des 2008).
    - Stendur fasteignin í árslok undir 14,5 m.ISK þegar fasteignamarkaður hefur gefið mikið eftir?

**Deloitte.**

Umsókn og  
næstu skref.



# Mat á starfrækslugjaldmiðli

---

- Eins og fram kemur hér að framan þá er upptaka erlends gjaldmiðils háð heimild sem Ársreikningaskrá veitir.
- Stjórnendur þurfa að færa rök fyrir því hver sé starfrækslugjaldmiðill félagsins og þ.a.l. hvert er aðalefnahagssumhverfið. Í umsókn til Ársreikningaskrár þarf að koma fram rökstudd niðurstaða stjórnenda, þ.e. rökstuðningur í tölum og texta þarf að fylgja á skýrt framsettan máta.
- Áður en tekin er ákvörðun um að sækja um heimildina þá þurfa stjórnendur að gera sér grein fyrir afleiðingum þess. Ef félag tekur upp annan starfrækslugjaldmiðil þá fylgir því breyting, t.d. varðandi bókhaldskerfi og hvernig stjórnendur meta afkomu og efnahag. Í raun má segja að stjórnendur hugsi og taki ákvarðanir í viðkomandi mynt.
- Ákvörðunin er ekki hentistefnuákvörðun, heldur er um að ræða að önnur mynt en ISK er betur til þess fallin að gefa glögga mynd af rekstri og efnahag fyrirtækisins.

**Rétt mat á starfrækslugjaldmiðli => gleggri mynd af efnahag og afkomu!**

# Umsókn og næstu skref

---

- Deloitte sendi inn lista með áhugasömum félögum til Ársreikningaskrár. Með því var tryggt að skilyrði um að umsókn berist fyrir 30. des væri uppfyllt.
- Mikilvægt að ákvörðun sé upplýst og tekin á grundvelli eins góðra gagna og mögulegt er.
- Mikilvægt að taka ákvörðun sem fyrst til að draga óþarfa óhagræði.
  - Það mun taka Ársreikningaskrá drjúgan tíma að fara yfir allar umsóknir sem berast
  - Það tekur einnig tíma að undirbúa bókhaldskerfi

# Umsókn og næstu skref

---

- Í kjölfar heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er æskilegt að íhuga skráningu hlutafjár í erlenda gjaldmiðlinum sem er heimilt skv. 4. og 5. málsg. 1. grein laga um hlutafélög:
  - Hlutafélög, sem hafa fengið samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði, mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög, enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félög skv. 1. og 2. málsl. skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.
  - Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Ef um er að ræða skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði sem hefur ekki við útgáfu hlutabréfa aflað heimildar til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal við umreikning í annan gjaldmiðil miða við lokagengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðunin er tekin eða það gengi sem gildi þegar innborganir hlutafjár fóru fram. Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal nafnverð hlutafjár við útgáfu hlutabréfa vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

# Spurningar

---



# Tengiliðir hjá Deloitte

---

Endilega hafið samband:

Erling Tómasson, partner

IFRS Practice Leader

Löggiltur endurskoðandi

S: 862-3149/580-3149

[erling@deloitte.is](mailto:erling@deloitte.is)

Ingibjörg Dröfn Friðriksdóttir

Viðskiptafræðingur

S: 862-8644/580-3061

[idf@deloitte.is](mailto:idf@deloitte.is)

